

Verkefni	Efni fundar	Síða	
STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Dagskrá:	1 af 2	
	1. Samþykki dagskrár		
	2. Fundargerðir svæðisráða		
	3. Fjármál: - Rekstraráætlun 2016-drög - Framkvæmdaáætlun 2016-drög - Ný lög um Opinber fjármál nr.123/2015		
	4. Fundur stjórnar og starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs		
	5. Stjórnunar- og verndaráætlun		
	6. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs		
	7. Atvinnustefna VJÞ		
	8. Vatnajökulsþjóðgarður/UNESCO		
	9. Bréf frá þjóðgarðsvörðum dags. 30. okt. 2015		
	10. Samskipti við Ferðafélög		
	11. Önnur mál: - Starfsmannamál Tillaga að Matsáætlun Sprengisandslínu, Aðstaða landvarða Íshellar við Breiðamerkurjökul		
	12. Næsti stjórnarfundur		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. Fundar
21. janúar	10:50	Hornafjörður	92
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. ritunar
	Ruth Magnúsdóttir		21.01.16
Fundarmenn			

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar

Ármann Höskuldsson, Guðrún Á. Jónsdóttir, Björn Ingi Jónsson, Böðvar Pétursson, Snorri Ingimarsson, Ruth Magnúsdóttir, Heiða G. Ásgeirsdóttir, Þórður H. Ólafsson, Guðmundur H. Guðmundsson.

Boðuð forföll:

Samþykki dagskrár

Formaður fór yfir dagskrá fundarins, ekki voru gerðar athugasemdir við hana.

Fundargerðir svæðisráða

Böðvar tók upp fundargerð norðursvæðis frá fundi 19.janúar sl. Þá sérstaklega bókun svæðisráðs varðar ósk um að ráða tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði. Samkvæmt lögum um þjóðgarðinn er það heimilt. Stjórn samþykkir tillögu norðursvæðis að því að ráða tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði.

Björn Ingi greindi frá því að fundað hefði verið með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Heiða og Ruth bentu á gögn frá vestur- og austursvæði varðandi lagabreytingar og stjórnun og verndarráætlun sem tekið verður fyrir síðar á fundinum.

Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að rekstraráætlun ársins 2016. Heildarrekstrarkostnaður er 559.926. Gert er ráð fyrir sértekjum upp á 237.000 og öðrum tekjum upp á 7.000. Framlag ríkisins er 316.500. Böðvar benti á skýringar þyrftu að fylgja ákveðnum liðum s.s. ferða og dvalakostnaður innanlands, sem felur m.a. í sér ferðakostnað og fæðispeninga landvarða. Rætt almennt um að stjórn þurfi gögn sem að einhverju leiti séu meira sundurgreinanleg og einnig með tilliti til mismunandi rekstrarsvæða. Fram kom hjá framkvæmdastjóra að bókhaldskerfi bjóði upp á ákveðna möguleika, en annað þurfi að vinna sérstaklega. Stjórn samþykkir framlagða rekstraráætlun ársins 2016.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingum sem eru í farvatninu varðandi úthlutun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að framkvæmdaáætlun 2016 og fór yfir forgangsframkvæmdir innan þjóðgarðsins á árinu. Framkvæmdafé ársins á fjárlögum eru 117.500 auk 75 milljóna vegna gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Heiða ræddi stöðu málu varðandi vinnu við gestastofu á Kirkjubæjarklausti um staðarval. Rædd staða einstakra framkvæmda. Björn Ingi spurðist fyrir um kostnaðaráætlun við einstaka framkvæmd. Ruth vakti máls á framkvæmdum við Volgu í Kverkfjöllum og mæltist til þess að sótt yrði um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Stjórn samþykkir framlagðar framkvæmdaáætlun.

Framkvæmdastjóri fór yfir undanfara og helstu efnisatriði og breytingar í kjölfar nýrra laga um opinber fjármál nr.123/2015. Löginn munu hafa töluverð áhrif á stefnumótun og verklag við vinnu við fjárlagagerð og framsetningu fjárlaga. Skammur tími er til stefnu til að skila inn fyrstu drögum að verkefnum á þriggja og fimm ára áætlun, eða fram til 29.janúar 2016. Verið er að vinna aðgerðaráætlun á grunni Stjórnunar og verndaráætlunar sem koma mun að góðum notum í þessari vinnu. Forgangsraða þarf þeim verkefnum sem fyrir liggja og útskýra frekar. Framkvæmdastjóri óskar eftir því að stjórnarmenn komi að þeirri vinnu og stefnt er að fjarfundi í næstu viku til að ræða þau vinnuskjöl sem komin eru og með fulltrúum Alta.

Fundur stjórnar og starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs 21. og 22.janúar 2016

Formaður fór yfir sameiginlegan fund stjórnar og starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs. Engin athugasemd er gerð við dagskrá fundarins.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar

Stjórnunar- og verndaráætlun

Formaður ræddi um stöðuna á vinnunni við Stjórnunar og verndaráætlun og lagði til að atvinnustefna, skipulagsstefna og mannauðsstefna yrði hluti að áætluninni. Drög að atvinnustefnu liggja fyrir. Alta er með í vinnslu fyrstu drög að skipulagsstefnu fyrir þjóðgarðinn. Stjórn vísar því til framkvæmdastjóra að kanna í hvaða farveg mögulegt væri að setja drög að mannauðsstefnu.

Björn Ingi greindi frá nýja viðbót við Stjórnunar- og verndaráætlun um íshella. Drög liggja fyrir og mun verða komið inn í drög að nýrri Stjórnun og verndaráætlun.

Ruth ræddi þær athugasemdir sem austursvæði hefur gert við drög um Stjórnun og verndaráætlun. Meðal þess er ábending um að skilgreining á víðernum í gildandi Stjórnun og verndaráætlun stangast á við skilgreiningu á víðernum í nýjum Náttúruverndarlögum. Stjórn ákveður að umfjöllun um víðerni og kort þar að lútandi verði endurskoðuð og uppfærð í Stjórnun og verndaráætlun í samræmi við skilgreiningu Náttúruverndarlaga. Breytingar verða færðar inn í drög að Stjórnun og verndaráætlun og koma til afgreiðslu síðar.

Lög Vatnajökulsþjóðgarðs

Drög að nýjum lögum hafa verið til umræðu í svæðisráðum. Stjórn er sammála um að drögin fela í sér grundvallarbreytingu á stjórnskipan garðsins. Stjórn efast um ágæti slíkra breytinga og áskilur sér rétt til þess að gera athugasemdir við drögin. Frekari umræðu vísað til næsta fundar.

Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs

Drög að stefnunni liggja fyrir. Í samræmi við tillögu formanns verður atvinnustefna hluti að nýrri endurskoðaðri Stjórnun og verndaráætlun og fara í kynningu sem hluti af henni.

Vatnajökulsþjóðgarður/UNESCO

Ráðherra er samþykktur málaumleitan formanns um að Vatnajökulsþjóðgarður verði settur á heimsmínjaskrá UNESCO. Bréf þess efnis verður væntanlega lagt fram af umhverfisráðherra í ríkisstjórn á næstu vikum. Snorri spurðist fyrir um hvaða áhrif það hefði á nýtingarmöguleika almennings á þjóðgarðinum ef garðurinn yrði samþykktur á heimsmínjaskrá UNESCO. Ármann svaraði því að tilnefningin og ef til kemur samþykki hefði ekki áhrif á nýtingarmöguleika almennings innan þjóðgarðsins.

Bréf frá þjóðgarðsvörðum

Tekið fyrir bréf frá þjóðgarðsvörðum dags. 30. okt. 2015. Umræður meðal stjórnarmanna um verkaskiptingu milli rekstrarsvæða þjóðgarðsins. Formaður mun svara bréfinu á sameiginlegum fundi með starfsmönnum.

Jafnframt er farið yfir Minnisblað frá þjóðgarðsvörðum dags. 30. október 2015: Upplýsingastreymi og gagnvikni innan stofnunar. Farið yfir efni bréfsins og umræður og einstaka liði. Frekari umræðu vísað til sameiginlegs fundar með starfsmönnum.

Ferðafélög

Rætt um stöðuna í samskiptum við Ferðafélag Íslands. Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með forsvarsmönnum Ferðafélag Íslands í haust. Ferðafélag Akureyrar, Ferðafélag Húsavíkur og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs hafa fundað með formönnum og varaformönnum svæðisráða á norður og austursvæði. Ruth gagnrýndi að stjórnarsýsla væri ekki að nægjanlega gagnsæ í samskiptum við Ferðafélögin og erfitt að átta sig á framvindu / stöðu mála. Snorri kallaði eftir stefnumótun þjóðgarðsins í samskiptum við Ferðafélögin og uppbyggingu á svæðum. Formaður og framkvæmdastjóri munu funda með fulltrúum Ferðafélagsins.

Önnur mál:

1. Formaður fór yfir bréf frá þjóðgarðsverði á norðursvæði þar sem hann segir stöðu sinni lausri. Stjórn þakkar Hjörleifi Finnssyni gott og óeigingjarnt starf í þágu þjóðgarðsins og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð Stjórnar

2. Tillaga að Matsáætlun Sprengisandslínu. Athugasemdum stjórnar og starfsmanna hefur verið komið til Skipulagsstofnunar.
3. Aðstaða landvarða. Ruth tók upp að aðstaða landvarða var ekki ásættanleg á öllum stöðum í sumar og nauðsynlegt að stjórn hugi að því að leysa þessi mál í tíma. Stjórn beinir því til framkvæmdastjóra að skoða möguleika á leigu á gámahýsum fyrir starfsmenn þar sem það þarf.
4. Íshellar í Breiðamerkurjökli. Björn Ingi greindi frá máli sem tengist raski við íshella í Breiðamerkurjökli.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 3.febrúar í Snæfellsstofu.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
3	Sundurgreinanleg gögn í fjárhagsáætlunum	Framkvæmdastj.	
5	Kanna farveg fyrir vinnu við mannauðsstefnu VJP	Framkvæmdastj.	
10	Fundað með FÍ	form. og framkv.	
ÖM	Kanna leigu á gámahýsum fyrir landverði	framkvæmdastj.	
5	uppfræra drög að SVÁ m.t.t. athugasemda og viðbóta		